

ÚRSKURÐUR

Hinn 4. febrúar 2014 kvað endurskoðendaráð upp svohljóðandi úrskurð í máli R.2012.002

Kæruefni og málsatvik

Með bréfi til endurskoðendaráðs, dags. 23. júlí 2012, kærði Garðar G. Gíslason, hdl. fyrir hönd PricewaterhouseCoopers ehf. (PwC) og X, löggilts endurskoðanda, framgöngu Deloitte ehf. og Y, löggilts endurskoðanda, í störfum þeirra í þágu slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. (LBI).

Í kæru til endurskoðendaráðs segir að það sé mat kæranda að eftirfarandi athafnir Deloitte og Y gagnvart PwC Og X, í málum sem tengjast störfum Deloitte og Y fyrir slitastjórn LBI, brjóti í bága við siðareglur fyrir endurskoðendur:

- I. *Að hafa í minnisblaði, dags. 14. júní 2011 „Athugun á áhættuskuldbindingum Landsbanka Íslands hf. vegna Straums og á eiginfjárhlutfalli Landsbankans“, ranglega borið á PwC brot gegn lögum með itrekuðum staðhæfingum um að PwC hafi annast gerð árshlutauppgjörs fyrir LBI.*
- II. *Að hafa tekið beinan þátt í skýrslutökum slitastjórnar LBI yfir X og tveimur öðrum starfsmönnum PwC í Héraðsdómi Reykjavíkur, dagana 5., 6., og 10. október 2011 og með því gengið of langt í störfum sínum fyrir viðskiptavin sinn og brotið gegn c-lið greinar 100.12 í siðareglum endurskoðenda, sem fjallar um ógnanir og varúðarráðstafanir.*
- III. *Að hafa látið hjá líða að geta um þýðingarmiklar upplýsingar og gögn varðandi könnun PwC á virðisrýrnum útlána hjá LBI, sem Y fékk upplýsingar um sem beinn þátttakandi í fyrrgreindum skýrslutökum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, við samantekt minnisblaðs „Minnisblað Deloitte ehf. um virðisrýrnun á lánum í hálfársuppgjöri Landsbanka Íslands hf. 2008“, dagsetts 15. febrúar 2012. Y mátti vera ljóst að fyrirhugað var að leggja minnisblaðið fram sem skjal í dómsmáli LBI á hendur PwC.*

Kærandi telur að háttsemi sú er fram kemur í lið I og nánar er rakin í kæru, brjóti í bága við eftirtaldar greinar í siðareglum endurskoðenda: greinar 110.1, 110.2 og 110.3 í kaflanum um heilindi, grein 150.1 sbr. 200.2 í kaflanum um faglega hegðun og greinar 230.1, 230.2 og 230.3 í kaflanum um annað álit. Kærandi telur háttsemi samkvæmt lið II varði við c-lið greinar 100.2 í siðareglum endurskoðanda, sem fjallar um ógnanir og varúðarráðstafanir. Loks er það mat kæranda að í háttsemi þeirri, sem rakin er í lið III, felist meðal annars brot á siðareglum fyrir endurskoðendur um faglega hegðun og heilindi, sbr. greinar 110.1, 110.2, 150.1, 230.1, og 230.2.

Kærandi vísar til þess í kæru sinni að hann telji fyrrgreindar athafnir sérstaklega alvarlegar sökum þess að þær tengist skaðabótamálum sem slitastjórn LBI hefur höfðað gegn fyrrverandi bankaráðsmönnum, stjórnendum og tryggingarfélögum annars vegar og PwC á Íslandi og í Bretlandi hins vegar. Þá segir ennfremur að á grundvelli gagna, sem PwC hefur fengið afhent, blasi við að rannsókn Deloitte undir stjórn og á ábyrgð Y, sé þungamiðja að baki afar alvarlegum ásökunum sem bornar hafa verið meðal annars á PwC á Íslandi og PwC í Bretlandi.

Í kærinni, sem byggir á 2. mgr. 16. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, er þess krafist að endurskoðendaráð veiti Y og Deloitte áminningu, með vísan til 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, vegna brota gegn siðareglum fyrir endurskoðendur, sem staðfestar voru af efnahags- og viðskiptaráðherra þann 24. febrúar 2011.

Málsmeðferð

Eins og fram hefur komið barst kæran endurskoðendaráði með bréfi, dags. 23. júlí 2012. Kæran var send Deloitte og Y með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 30. ágúst 2012, þar sem þeim var boðið að gera athugasemdir. Andmæli bárust frá lögmanni kærðu, Garðari Valdimarssyni hrl., með bréfi til endurskoðendaráðs, dags. 19. september 2012.

Í bréfi lögmanns er þess krafist að Ólafur Kristinsson, þáverandi ráðsmaður endurskoðendaráðs, víki sæti við meðferð málsins hjá endurskoðendaráði með vísan til 5. og 6. tölul. 3. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, vegna tengsla hans við kærður og kæruefnið. Þá er því mótmælt að endurskoðendaráð taki málið til rannsóknar, þar sem sömu málefni séu til meðferðar hjá dómstólum landsins, en fleiri en eitt dómsmál séu fyrir dómstólum sem byggja á vinnu kærðu fyrir slitastjórn LBI. Er þess krafist að endurskoðendaráð vísi kærinni frá en til vara að málsmeðferð ráðsins verði frestað meðan sömu sakarefni séu til meðferðar hjá dómstólum.

Umsögn kærðu, Deloitte og Y, var send kærendum með bréfi, dags. 15. nóvember 2012, og þeim boðið að gera athugasemdir. Með bréfi, dags. 23. nóvember 2012, bárust athugasemdir frá lögmanni kæranda, Garðari G. Gíslasyni hdl. Í bréfi lögmannsins kemur fram að kærður telji rétt að endurskoðendaráð kveði sjálf úr um hæfi ráðsmanna í samræmi við 4. mgr. 5. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þá mótmæla kærður frávísunar- og frestunarkröfum kærðu á þeim grundvelli að þær séu á misskilningi byggðar þar sem þau atriði sem kæran til endurskoðendaráðs snúi að séu ekki til neinnar meðferðar hjá dómstólum, enda eigi hvorki Deloitte né Y aðild að þeim dómsmálum sem vísað er til í bréfi þeirra. Segir ennfremur í bréfinu að kæran til endurskoðendaráðs varði kröfur um að kærðu verði veitt áminning vegna ætlaðra brota þeirra á siðareglum endurskoðenda og þar með lögum um endurskoðendur, en þau meintu brot séu ekki til umfjöllunar í dómsmálum, né verði þar felldur úrskurður eða dómur að þeim lútandi.

Þann 14. desember 2012 tók endurskoðendaráð ákvörðun þess efnis að Ólafur B. Kristinsson væri hæfur til að taka þátt í meðferð kærumsálsins. Byggði niðurstaðan á því að ekki væru fyrir hendi neinar þær ástæður sem valdið gætu því að Ólafur teldist vanhæfur til að taka þátt í

meðferð málsins í skilningi 3. gr. stjórnsýslulaga. Í ákvörðuninni var ekki tekin afstaða til frávísunarkröfu Deloitte og Y. Ákvörðunin var send málsaðilum með bréfi, dags. 14. desember 2012 og kærðu gefinn kostur á að senda ráðinu athugasemdir vegna efnishluta kærunnar.

Endurskoðendaráði barst bréf frá lögmanni kærðu, dags. 21. desember 2012. Í bréfinu er óskað eftir framlengdum fresti til þess að skila inn athugasemdum vegna efnishluta kærunnar, auk þess sem úrskurður endurskoðendaráðs varðandi hæfi Ólafs er gagnrýndur. Endurskoðendaráð svaraði lögmanni kærðu með bréfi, dags. 17. janúar 2013, þar sem frestur til athugasemda var framlengdur. Í bréfinu kemur einnig fram að ákveðið hafi verið að Ólafur viki sæti í málinu. Endurskoðendaráð vakti athygli á því að ekki væri um að ræða afturköllun á ákvörðun ráðsins frá 14. desember 2012 heldur byggji ákvörðunin á síðar til komnum ástæðum sem Ólafur hafi upplýst ráðið um.

Með bréfi, dags. 31. janúar 2013, bárust endurskoðendaráði athugasemdir frá lögmanni kærðu, Deloitte og Y þar sem þess er krafist að ráðið taki afstöðu til þess hvort vísa eigi frá kæru PwC og X. Í bréfinu er jafnframt öllum ásökunum kæranda um meint brot þeirra á siðareglum endurskoðenda vísað á bug. Jafnframt óskuðu kændur eftir frekari ráðrúmi til þess að tjá sig um kæruefni, yrði það niðurstaða endurskoðendaráðs að taka kærana til efnislegrar meðferðar.

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 8. febrúar 2013, var afrit af bréfi kærðu sent lögmanni kæranda til athugasemda. Athugasemdir vegna afstöðu kærðu bárust endurskoðendaráði með bréfi kæranda, dags. 12. mars 2013. Í bréfi kæranda segir að kröfur Deloitte og Y um frávísun kærunnar frá endurskoðendaráði séu á misskilningi byggðar, enda séu þau atriði sem kæran snúi að ekki til neinnar meðferðar hjá dómstólum. Segir ennfremur í bréfinu að kæran lúti að vanrækslu Deloitte og Y á að gæta hlutlægni, heilinda og beita faglegri aðferðafræði við rannsókn sína fyrir slitastjórn LBI á starfsháttum kæranda. Brotin snúi því að siðareglum um endurskoðendur og séu ekki til umfjöllunar í fyrrgreindu dómsmáli, né verði þar felldur úrskurður eða dómur að þeim lútandi. Að svo búnu hafna kændur því að efni standi til að vísa kærinni frá.

Samkvæmt rannsóknarreglu stjórnsýslulaga skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Til þess að tryggja að rannsóknarreglu stjórnsýslulaga væri fylgt ákvað endurskoðendaráð að óska eftir því að kændur afhentu ráðinu stefnu og greinargerð í dómsmáli því sem slitastjórn Landsbanka Íslands hf. hefur höfðað á hendur PricewaterhouseCoopers ehf. og PricewaterhouseCoopers LLP til heimtu skaðabóta, vegna tjóns sem Landsbanki Íslands hf. telur að félögin hafi valdið bankanum með athöfnum sínum og athafnaleysi. Bárust ráðinu umbeðin gögn þann 6. desember 2013. Einnig ákvað endurskoðendaráð á grundvelli rannsóknarreglunnar og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 79/2008 að leita eftir álit Kristínar Benediktsdóttur, lektors við lagadeild Háskóla Íslands. Skilaði hún álitinu sínu til ráðsins 9. janúar 2014. Var það niðurstaða Kristínar að ekki verði hjá því komist að draga þá ályktun að athafnir þær sem tiltekna eru í kæru kæranda séu til umfjöllunar fyrir dómstólum.

Niðurstaða

Eftir að hafa farið yfir stefnu slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. og greinargerð kæranda, í dómsmáli því sem slitastjórn Landsbanka Íslands hf. hefur höfðað á hendur PricewaterhouseCoopers ehf. og PricewaterhouseCoopers LLP, telur endurskoðendaráð ljóst að kæra í máli þessu lúti að atriðum sem séu málsástæður í fyrrgreindri greinargerð kæranda.

Einnig liggur fyrir að skýrslur þær sem teknar voru fyrir héraðsdómi í október 2011 af X og tveimur öðrum starfsmönnum PwC, eru meðal málsgagna í umræddu dómsmáli og byggir slitastjórn Landsbanka Íslands hf. málshöfðun sína meðal annars á þeim.

Að því er varðar framkvæmd skýrslutökunnar fyrir héraðsdómi í október 2011 er ljóst að Hæstiréttur hefur tekið afstöðu til lögmætis hennar í dómi réttarins frá 19. september 2011 í máli nr. 479/2011. Í máli því sem þá var til meðferðar krafðist kærandi X þess aðallega að beiðni Landsbanka Íslands hf. um skýrslutöku fyrir dómi yrði hafnað, en til vara að einvörðungu dómskipuðum meðlimum slitastjórnar, ásamt lögmanni sem kynni að gæta hagsmuna sóknaraðila í málinu, yrði heimilað að vera viðstaddir skýrslutöku af varnaraðila. Til þrautavara var gerð sú krafa að einungis dómskipuðum meðlimum slitastjórnar, ásamt lögmanni sem kynni að gæta hagsmuna sóknaraðila í málinu, yrði heimilað að taka þátt í skýrslutöku af varnaraðila fyrir dómi. Í dómi Hæstaréttar var kröfum kæranda, X, hafnað og honum gert skylt að gefa skýrslu vegna slitameðferðar Landsbanka Íslands hf. Sérstaklega var tekið fram að um skýrslutökuna sjálfa færi eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála eftir því sem við gæti átt, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Það er viðtekin venja að fjalla ekki um mál á stjórnarsýslustigi um leið og þau eru til meðferðar hjá dómstólum. Vísast í þessu sambandi meðal annars til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 1311/1994, þar sem umboðsmaður taldi ekki aðfinnsluvert að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stöðvaði meðferð kærumáls eftir að það hafði verið borið undir dómstóla.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, er ljóst að kæra PwC og X varðar málefni sem nú eru til meðferðar fyrir dómstólum eða dómstólar hafa þegar tekið afstöðu til. Með vísan til þess er það niðurstaða endurskoðendaráðs að vísa skuli málinu frá endurskoðendaráði.

Úrskurðarorð

Kæru PricewaterhouseCoopers ehf. og X, löggilts endurskoðanda, vegna framgöngu Deloitte ehf. og Y, löggilts endurskoðanda, í störfum þeirra í þágu slitastjórnar Landsbanka Íslands hf., er vísað frá endurskoðendaráði.

Reykjavík, 4. febrúar 2014.

Áslaug Árnadóttir

Hildur Árnadóttir

Jóhann Unnsteinsson

Kristrún H. Ingólfssdóttir

Þórður Reynisson